

Reykjavík 15. október 2015 (HG)

Til umhverfis- og skipulagsráðs

Göngugötur í miðborg Reykjavíkur 2015

Iceland Airwaves tónlistarhátíðin verður haldin 4.-8.nóvember næstkomandi, á hátíðina koma sex þúsund erlendir gestir og verða í allt níu þúsund miðar seldir á hátíðina í ár. Auk hátíðarinnar sjálfrar verða mikið af svokölluðum „off-venue“ eða hliðarviðburðum um alla borg þessa daga. Flestir þessara viðburða verða miðsvæðis í borginni. Meðal staða sem hýsa slíka viðburði eru Dillon á Laugavegi 30, Around Iceland á Laugavegi 18b, Loft Hostel í Bankastræti 7 og 12 Tónar á Skólavörðustíg. Ekki þarf miða inn á hátíðina til þess að mæta á „off-venue“ eða hliðarviðburðina og því má gera ráð fyrir mun fleiri gestum á hátíðina en þeim 9 þúsund sem kaupa miða.

Lagt er til að Laugavegurinn, frá Vatnsstíg að gatnamótum Bankastrætis og Þingholtstrætis, og Skólavörðustígur, frá gatnamótum Bergstaðastrætis að Bankastræti, verði tímabundið gerð að göngugötusvæði á meðan á hátíðinni stendur. Svæðið verður göngugata í fimm daga, frá og með miðvikudeginum 4. nóvember til og með sunnudeginum 8. nóvember. Hátíðin setur mikinn svip á borgina og henni fylgir fjölbreytt mannlíf. Mikill fjöldi fólks verður á göngugötusvæðinu þessa daga og veitir því ekki af rými á svæðinu fyrir gangandi vegfarendur.

Hliðum sem nú eru á göngugötusvæðinu (sjá kort) verður lokað.



Upplýst verður um götulokunina með fréttatilkynningu, á heimasíðu Reykjavíkurborgar og á samfélagsmiðlum, auk þess samtök rekstraraðila á svæðinu verða upplýst.

Akstur verður heimilaður, fyrir vöruafgreiðslu, milli kl. 07:00 og 11:00 frá mánudegi til föstudags. Bifreiðastöður verða óheimilar á meðan gatan er lokað fyrir bílaumferð.

Fh. umhverfis- og skipulagssviðs,
Hildur Gunnlaugsdóttir, verkefnisstjóri borgarhönnunar